

44. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, haldinn heima að Hólum hinn 29. apríl 2015, kl. 14:00.

Mætt voru:

Heima á Hólum: Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni Kristófer Kristjánsson, Jón E. Friðriksson og Sveinn Ragnarsson. Í fjarfundi frá Keldnaholti: Emma Eyþórsdóttir og Katrín Sigurðardóttir. Í síma: Helgi Sigurðsson.

Hjördís Gísladóttir ritaði fundargerð.

Erla Björk setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún stýrði fundi, sem hófst með framlagningu dagskrár til samþykktar, og síðan fundargerðar 43. fundar, til undirritunar.

Áður útsend dagskrá samþykkt, til hennar gengið:

1. Staða Háskólans á Hólum í landslagi háskóla í NV-kjördæmi.

Erla Björk skýrði frá framvindu vinnunnar hingað til.

a. Fundir:

Fyrsti fundur starfshópsins haldinn 17. mars á Gauksmýri.

Þar var ákveðið að samhliða vinnu starfshópsins skyldi unnið í þremur vinnuhópum, sem allir eru fjölskipaðir starfsmönnum skólanna:

- i. Fjárhagslegar víddir – fyrsti fundur haldinn að Hólum 14. apríl
- ii. Innri rekstur – fyrsti fundur haldinn að Hvanneyri 15. apríl
- iii. Nýsköpun og þróunarstarf - fyrsti fundur haldinn að Bifröst 8. apríl

b. Gögn:

Á Gauksmýrarfundinum var kynnt að starfshópurinn fengi aðgengi að gögnum frá öllum háskólunum þremur og væri það hlutverk starfsmanna ráðuneytisins að taka þau saman. Þeirri vinnu er ekki lokið. Fundargerðir frá fundum vinnuhópa hafa heldur ekki borist, enn sem komið er.

c. Niðurstöður frá fundum:

- i. Þó ekki sé um beinar niðurstöður frá vinnuhópafundunum að ræða, hefur áherslumunur milli skólanna þriggja komið skýrt fram, bæði hvað varðar nálgun á starfið og rekstrarumhverfi. Töluverður samhljómur er þó milli Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands, en Háskólinn á Bifröst sker sig úr.
- ii. Skýr skilaboð frá báðum opinberu háskólunum um að net opinberra háskóla hafi reynst afar gagnlegt og vilji starfsmanna þeirra stendur til að haldið verði áfram á þeirri braut.

Þessir tóku til máls, auk Erlu Bjarkar: Bjarni K. Kristjánsson, Emma Eyþórsdóttir og Jón Eðvald Friðriksson. Fundarmenn sammála um að ekkert sé annað í stöðunni en að bíða fréttu af framvindu mála.

2. Rekstrarstaða skólans.

Erla Björk fundaði með fulltrúum ráðuneytis mennta- og menningarmála þann 24. mars og gerði þar grein fyrir því að rekstur skólans rúmist ekki innan fjárheimilda árið 2015. Henni var falið að skila inn rekstraráætlun með upplýsingum um leiðir til lausnar

rekstrarstöðu skólans. Henni skilað þann 20. apríl með greinargerð. Það er mat rektors og fjámálastjóra, byggt á reiknilíkani ráðuneytisins, að líklegustu leiðir til að bæta stöðuna séu annars vegar fjölgun nemenda og hins vegar að greiðslur vegna doktorsnema, sem skráðir eru við HÍ en stunda nám sitt við Háskólann á Hólum, skili sér hingað.

Til máls tóku, auk rektors, þau Bjarni K. Kristjánsson, Emma Eypórsdóttir, Katrín Sigurðardóttir, Jón Eðvald Friðriksson og Sveinn Ragnarsson.

Rektor bar rekstraráætlunina upp til samþykktar.

Eftirfarandi bókun samþykkt: ***Háskólaráð Háskólans á Hólum samþykkir framlagða rekstraráætlun, en beinir þeim tilmælum til ráðuneytisins og forráðamanna Háskólans á Hólum að fundin verði varanleg lausn á rekstrarvanda skólans.***

3. Samningur Háskólans á Hólum við Gullhyl vegna Landsmóts 2016.

Erla Björk kynnti samninginn.

Til máls tók Katrín Sigurðardóttir, sem lýsti ánægju sinni með að Landsmót verði haldið heima á Hólum, og að það muni koma skólanum öllum til góða. Jón Eðvald Friðriksson tók undir orð Katrínar.

Erla Björk bar samninginn upp til samþykktar, sem gert var athugasemdalaust.

4. Birting fundargerða háskólaráðs.

Erla Björk lagði til að fundargerðir háskólaráðs verði framvegis birtar á vef skólans, en þó ekki fyrr en háskólaráðsmenn hefðu haft tækifæri til að gera athugasemdir við þær, ef tilefni gæfist til.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

- a. Erla Björk upplýsti að nýlega hefði verið auglýst eftir tveimur starfsmönnum, á vegum ferðamáladeildar. Ástæður þessa eru brotthvarf og/eða breytt starfshlutfall núverandi starfsmanna.
Til máls tók Bjarni Kristófer, sem lagð áherslu á nauðsyn þess að skólinn og/eða deildir hans mótuðu sér ráðningarstefnu.
- b. Erla Björk upplýsti að fengist hefur styrkur til að kosta vinnu sérfræðings í gerð starfspróunaáætlunar skólans, og að hann muni væntanlegur í fyrstu heimsókn að Hólum og í Verið þann 30. apríl nk.
- c. Helgi Sigurðsson upplýsti að hann hefði nýlega tekið þátt í landsfundi LÍS, og vildi í framhaldi af því hvetja til aukinnar kynningar á möguleikum í alþjóðasamstarfi, t.d. undur merkjum Erasmus+. Fram kom að nýr alþjóðafulltrúi hefur tekið til starfa, og er þegar farin að vinna að þessum málum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:18.